



# Hvar eru mörkin?

Áhættuleikur barna

Unnur Henrysdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs  
Deild kennslu- og menntunarfræði



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



# Hvar eru mörkin?

## *Áhættuleikur barna*

Unnur Henrysdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir

Deild kennslu og menntunarfræði

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2022

Hvar eru mörkin? Áhættuleikur barna

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs  
í leikskólakennarfræði við deild kennslu og menntunarfræði  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Unnur Henrysdóttir 2022

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í ritgerðinni er fjallað um áhættuleik í útinámi barna,

hvað áhættuleikur er, öryggisþætti í tengslum við áhættuleik, upplifanir barna og viðhorf fullorðinna. Rannsóknir á áhættuleik eru skoðaðar og í þeim kemur meðal annars fram að börn eru fær um að meta eigin áhættu en aðkoma fullorðinna er mikilvæg til að fyllsta öryggis sé gætt sem og til að ögra og hvetja börnin áfram í leiknum. Viðhorf fullorðna geta skipt máli þar sem börn sem fá tækifæri til áhættuleiks verða sjálfsöruggari og taka lærdóminn af áhættuleiknum með sér út í lífið seinna meir. Tilgangur ritgerðarinnar er að fræðast um áhættuleik barna þar sem hann skipar stóran sess í útinámi og útiveru þeirra og hvernig fullorðnir komi þar að.

Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er: Hvaða áhrif hafa fullorðnir á tækifæri barna að þroskast í gegnum áhættuleik?

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	3
Formáli .....	5
1 Inngangur .....	6
2 Áhættuleikur.....	7
3 Sex þættir áhættuleiks .....	10
4 Upplifun barna í áhættuleik.....	12
5 Áhættumat .....	14
6 Aðkoma fullorðinna í áhættuleik .....	17
7 Samantekt og umræður.....	20
8 Lokaorð.....	23
Heimildaskrá .....	24

## Formáli

Ritgerð þessi er unnin haustið 2021 og valdi ég efni hennar, áhættuleik barna og áhrif fullorðinna á hann, því áhættuleikur í útinámi skipar stóran sess í starfi mínu sem leikskólakennari. Ritgerðin varð að veruleika með mikilli hjálp góðra vina og vil ég þar helst nefna leikskólastjóran minn og vinkonu Öldu Agnesi Sveinsdóttur. Þá hafa þær Harpa Kolbeinsdóttir, Steinunn Jónsdóttir og Védís Grönvold verið boðnar og búnar til að hlusta, lesa og veita mér stuðning. Jóhönnu Snorradóttur þakka ég kærlega fyrir yfirlestur. Leiðsagnarkennaranum mínum, doktor Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur, færi ég bestu þakkir fyrir aðstoðina og spjallið á meðan á ritgerðarsmíðum stóð.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Hafnarfjörður, 10. Janúar 2022

Unnur Henrysdóttir

## 1 Inngangur

Hvaða áhrif hafa kennarar á börn í útinámi þegar kemur að hættum? Er hættulegt að klifra hátt upp í tré, er hættulegt að barn fái að prófa að tálga með góðum tálgunarhníf eða klifri í klettum? Þetta eru allt spurningar sem hafa komið upp þegar rætt er um útinám í tengslum við hvar á að setja mörkin. Eru mörk og hræðsla kennara yfirfærð á börnin, eins og til dæmis þegar kennari hræðist býflugu sem hann og börnin sjá. Hvenær þarf kennarinn að gæta hegðunar sinnar og orða til að barnið fái að meta sjálft hvort um hættu sé að ræða, þori að ögra sér í aðstæðum sem það hefur ekki prófað áður og hver hættan er? Eru kennarar að hefta börn og ræna þau tækifærum til að prófa sig áfram og setja þeir of strangar reglur vegna eigin hræðslu við hið óvænta? Horfa kennarar frekar á hversu mikil hættan er heldur en hver ávinningurinn gæti orðið? Áhættuleikur barna er talin tengjast við þó nokkra þroska þætti barna og hefur þar að auki jákvæð áhrif, bæði líkamleg og andleg. Þættir eins og hreyfing, sjálfsstjórn og geta til að stjórna betur áhættuhegðun sinni eru taldir þroskast í áhættuleik. Í seinni tíð hafa tækifæri barna til áhættuleiks minnkað, einkum vegna hræðslu foreldra við að börn fái sjálf að meta áhættu. Þetta er einkum áberandi hjá mæðrum (Brussoni o.fl., 2018)

Markmið ritgerðarinnar er að skoða hvað hefur verið rannsakað í tengslum við áhættuleik barna og hlutverk fullorðna í þeim leik. Með ritgerðinni skapast vonandi umræðugrundvöllur meðal kennara um áhættuleik þannig að þeir taki samtalið til að sjá muninn á eigin hræðslu og því að geta boðið barni upp á að prófa sig áfram og sigrast á sjálfu sér og ótta sínum. Sett er fram rannsóknarspurningin: Hvaða áhrif hafa fullorðnir á tækifæri barna að þroskast í gegnum áhættuleik?

Í fyrstu köflum ritgerðarinnar fjalla ég um áhættuleik, legg fram skilgreiningu á áhættuleik og velti fyrir mér mikilvægi þess að börn fái að prófa sig áfram í umhverfi sem gefur þeim tækifæri á að takast á við hætturnar í lífinu. Þar á eftir fjalla ég um áhættumat og áhrif þess á tækifæri barna til að taka áhættu í leik sínum. Svo er umfjöllun um áhrif hins fullorðna á það hvernig og hvort börnum sé treyst til að sjá og meta hættur í umhverfi sínu. Í umræðukaflanum leita ég svara við rannsóknarspurningunni og tengi umfjöllunina við eigin reynslu í tengslum við áhættuleik í útinámi til margra ára.



## 2 Áhættuleikur

Leikur er aðalnámsleið barna og starf leikskóla einkennist af leik og framboði á fjölbreyttum náms- og leiktækifærum. Í lögum um leikskóla (2008) kemur meðal annars fram að leikskólar skuli stuðla að fjölbreyttum uppeldiskostum og að nám fari fram í leik og skapandi starfi. Aðalnámskrá leikskóla byggir á lögum um leikskóla en þar segir að leikur er meginnámsleið barna og að í honum geti börn unnið með hugmyndir sínar, gert tilraunir og öðlast nýjan skilning og þekkingu. Þar segir einnig að í leik nota börn tungumálið á fjölbreyttan hátt, efla hreyfiproska, vitsmunaproska, félagsfærni, tilfinningatengsl og skapandi hugsun. Gefa skal börnum tækifæri til að finna styrkleika sína í jafningjahópnum og bjóða þeim upp á ögrandi og krefjandi útivist (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Umfjöllunin í þessum kafla miðar við að áhættuleikur sé leikinn í útiveru en oftast fer hann fram þar þó vissulega séu aðstæður inni við sem bjóða upp á áhættuleik.

Þrátt fyrir að almennt sé mikil áhersla lögð á að börn séu hraust og að þau fái tækifæri til að hreyfa sig þá eru fleiri og fleiri rannsóknir að koma fram sem sýna alltof mikla kyrrsetu hjá mörgum börnum frá ungaaldri. Til að börn þroskist líkamlega þurfa þau að hreyfa sig og vera virk en þannig þroska þau samhæfingu sína, læra betur að stjórna hreyfingum og kynnast líkama sínum. Börn sem fá mikla hreyfingu verða bæði með betri líkamsvitund og sjálfsöruggari. Talið er að hlutverk fullorðinna í reynsluheimi barna séu mörg og því er það á þeirra ábyrgð að skapa umhverfi sem örvar og ögrar börnum. Það er hlutverk hinna fullorðnu að setja upp aðstæður þar sem börn fá tækifæri til að kynnast líkamsvitund sinni á öruggan hátt. Til að taugakerfi barna þroskist verða þau að fá tækifæri til þess í leiknum að taka áhættu, uppgötva, prófa sig áfram og vera líkamlega virk. Þannig fá þau tækifæri til að þroska með sér hæfileika til að leysa vandamál, taka áhættu, skilja aðstæður, meta eigin getu og forðast óhóflega háættu seinna meir (Archer og Siraj, 2005).

Áhættuleikur hefur verið skilgreindur sem spennandi leikur með möguleika á líkamlegum meiðslum. Þegar talað er um áhættuleik er oft verið að tala um leiki þar sem hraði, hæð, eldur, hættuleg verkfæri eru hluti af leiknum og jafnvel svæði þar sem börn geta týnst eru hluti af leiknum. Áhættuleikur barna getur haft bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Ein hliðin á leiknum er að meiðsli eru alltaf möguleg þegar börn sækja í líkamlega áhættu, en það hefur leitt af sér aukna áherslu á að skoða leiköryggi barna. Á síðustu tveimur áratugum hefur verið tekist á um jafnvægið á milli ávinnings og öryggis í áhættuleik barna. Þetta hefur leitt af sér færri tækifæri sem börn hafa til ögrunar í útiveru. Þörf er á frekari rannsóknum til að fá betri vitneskju um hvað börn græða á áhættuleik, fá betri skilning á af hverju börn sækja í reynslu sem skiptist á milli ótta og gleði og að skoða þátt starfsfólks það er, hvernig

það getur haft áhrif með viðhorfum sínum hvort sem er heftandi eða örvandi (Sandseter, 2007).

Í áhættuleik er hættuþátturinn augljós í ljósi nafnsins. Þegar geta barna er meiri en áskorunin sem leikurinn býður uppá þá sækja þau í ákveðna áhættu eins og að hoppa úr rólu eða standa upp í henni til að ögra sjálfu sér (Sandseter, 2007). Náttúran er leiksvæði þar sem börn fá oft að ráða ferðinni til að rannsaka og hefur hún lengi verið talin ákjósanlegt umhverfi fyrir börn. Náttúran býður upp á leikumhverfi þar sem börn kynnast mismunandi undirlagi og fjölbreyttum eiginleikum náttúrunnar, hún bæði ögrar og örvar leikinn. Í náttúrunni er nóg er af opnum efnivið til að virkja ímyndunaraflið (Obee o.fl., 2021).

Sandseter (2007) segir að börn hafi gaman af að kanna og bæði sækist í og velji frekar leiki þar sem slagsmál eða líkamsstyrkur er prófaður. Þó megi ekki gleyma því að það er mjög einstaklingsbundið hver þörf barna er til að sækja í áhættu. Börn sækja gjarnan í leik tengdum hræðslu eins og að róla hátt eða hoppa niður úr hæð. Tilfinningin sem barn finnur fyrir í áhættuleik getur stjórnað því hvernig það bregst við hættu, hræðsla, spenna eða blanda af bæði hræðslu og spennu. Ef barn verður ofsahrætt mun það sína hegðun eins og að flýja aðstæður, frjósa í aðstæðum eða reyna á einhvern hátt að verja sig (Sandseter, 2009).

Sandeter (2009) notaði myndbandsupptökur af börnum í rannsókn sinni og sýndu þær að í áhættuleik upplifa börn margskonar tilfinningar sem sýna sig í líkamstjáningu, í andlitstjáningu og munnlegri tjáningu þeirra. Reynslan í leiknum sýnir bæði hreinan ótta sem og gleði og jafnvel báðar tilfinningar á sama tíma. Sandseter (2009) segir að ef óttinn verður gleðinni yfirsterkari þá muni leikurinn stoppa. Í niðurstöðum rannsóknarinnar er mælt með að viðurkenna áhættuleik sem mikilvægan þátt í leik barna og að þau fái tækifæri til vera þátttakendur í leik sem er sniðin að þeirra tilfinningu fyrir áhættu sem og gleði.

Stephenson (2003) gerði rannsókn í þjóðfræði sem kom inn á áhættuleik hjá ungum börnum, þar talar hann um að áhætta hjá fjögurra ára börnum kæmi meðal annars fram í því að þau prófa eitthvað sem þau hafa aldrei prófað áður. Sem dæmi um áhættuleik skoðaði hann börn að renna sér, róla, klifra og hjóla. Stephenson (2003) talar um að einstaklingar sem læri í gegnum áhættuleik séu tilbúnir að taka vissa áhættu þar sem ekki sé vitað hvað gerist næst, þeir séu tilbúnir að takast á við hið óvænta, tilbúnir að viðurkenna mistök og fær það þá til að vinna með gagnrýna hugsun. Sjálfsuppgötvun er til staðar, að kynnast sjálfum sér sem ævintýragjörmum, hugrökkum, sterkum og sjálfsöruggum einstaklingi. Það eru vísbendingar um að börn sem taka þátt í fjölbreyttum aðstæðum þar sem áhættuleikur kemur við sögu nái betur að vinna úr ótta eða hræðslu þegar þau verða fullorðin.

Í ástralskri rannsókn Cooke og féлага (2020) sem var framkvæmd í þeim tilgangi að skoða viðhorf starfsmanna í leikskólum til áhættutöku barna er talað um að algeng einkenni

áhættu séu óvissa, möguleikinn á annað hvort jákvæðum eða neikvæðum afleiðingum, möguleikanum á að mistakast og jafnvæginu á milli hræðslu og æsings. Það hvort atriði sé talið hættulegt er einnig byggt á persónulegri skynjun einstaklingsins. Skynjun einstaklingsins byggist á nokkrum þáttum eins og menningu, kyni, aldri og fyrri reynslu.

Flestar rannsóknir á áhættuleik barna hafa verið gerðar hjá börnum fjögurra ára og eldri en Kleppe og félagar (2017) gerðu rannsókn á hópi barna á aldrinum eins árs til þriggja ára. Börnin voru athuguð í öllum athöfnum en mesti vandinn var að ákveða hvort að hegðun væri áhættuleikur. Allar aðstæður sem barn var í og voru taldar hættulegar, annað hvort af barni, kennara eða rannsakanda, voru skráðar og atvikinu lýst þannig að hægt væri að svara tveimur spurningum. Eru einhver einkenni í umhverfi eða hegðun sem einkennir áhættu? Getur hegðun barnsins verið skilgreind sem leikur? Til að greina þetta voru viðbrögð, svipbrigði, líkamstjáning og rödd eða málhljóð bæði hjá starfsfólki og börnum nýtt til greiningar og í kjölfar rannsóknarinnar var áhættuleikur eins árs barna útvíkkaður og fleiri þættir flokkaðir með áhættuleikjum svo sem hávaði og myrkur.

Umhverfi sem býður börnum tækifæri til að takast á við krefjandi aðstæður og ýtir undir að þau taki áhættur í leikjum sínum er forsenda þess að börn öðlist sjálfsöryggi til að takast á við mismunandi aðstæður í umhverfinu almennt. Umhverfið þarf hvortveggja í senn að bjóða upp á öryggi en einnig tækifæri fyrir börn að kanna sín eigin mörk. Þannig öðlast þau reynslu og færni til að meta aðstæður og taka viðeigandi áhættu þegar þau standa frammi fyrir áskorunum (Wood, 2013).

Í næsta kafla verður fjallað um mismunandi áhættuleiki og stuðst við rannsóknir Sandseter (2007; 2009) og flokkun hennar á áhættuleik.

### 3 Sex þættir áhættuleiks

Í rannsókn Sandseter (2007) á áhættuleik barna flokkar hún áhættuleiki í sex þessir flokkar eru, leikur í mikilli hæð, leikur með hraða, leikur með hættuleg verkfæri, leikur í hættulegu umhverfi, ærslaleikur og leikur þar sem börn geta týnst. Í gagnaöflun rannsóknarinnar voru tekin viðtöl við bæði börn og starfsfólk í tveimur norskum leikskólum og gerðar vettvangsathuganir af leik barna bæði í útiveru á leiksvæði leikskólans sem og í náttúrulegu umhverfi. Á grundvelli þessara gagna flokkaði Sandseter áhættuleikinn með fyrrgreindum hætti og hefur sú flokkun verið notuð til stuðnings við greiningu áhættuleiks af öðrum rannsakendum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um flokka Sandseter á áhættuleik:

#### *Leikur í mikilli hæð*

Í þennan flokk fara leikir sem fela í sér að börn leita í mikla hæð. Leikur í trjám, stóru grjóti, leikur í að klifra í turnum, hoppa úr mikilli hæð, halda jafnvægi í mikilli hæð og að hanga eða sveifla sér úr mikilli hæð. Upphefðin er aðallega fólgin í því að sigrast á verkefninu. Það átti sér oftast stað þegar börnin voru hikandi í fyrstu en ákváðu svo að láta vaða. Þegar áhættuatriðinu var lokið var öskrað, hlegið og brosað. Helsti áhættuþáttur þess að börn leiki sér í mikilli hæð felst í því að þau falli niður og hæðin sé þá það mikil að geta valdið slysum. Sandseter komst að því að klifur var vinsælasti áhættuleikurinn hjá börnunum. Það gaf þeim mikla gleði að klifra og þau sóttu í það eins oft og hægt var (Sandseter, 2007).

#### *Leikur með hraða*

Leikir sem fela í sér hraða eru til dæmis leikir þegar börn sveifla sér, renna sér á sleðum, hjóla, skauta, rúlla sér eða snúa á miklum hraða. Með því að hreyfa sig á miklum hraða læra börn að nota líkamann en mikill hraði gæti valdið slysum. Áberandi var að kennarar nefndu leik með hraða og tóku sérstaklega fram hræðslu þegar kom að vetrarmánuðum þar sem börn voru að renna sér á sleðum og lágu fram á sleðana með höfuðið fyrst eða sneru jafnvel baki í brekkuna og sáu ekki hvert þau voru að stefna. Áhættan í leik með hraða er fólgin í því þegar hraðinn verður þeim óviðráðanlegur og hætta skapast á að þau klessi á eitthvað eða einhvern eins og þegar hjólað er, rennt á sleða yfir vetrarmánuðina eða hlaupið á miklum hraða (Sandseter, 2007).

### *Leikur með hættuleg verkfæri*

Börn eru tilbúin að prófa að nota hættuleg verkfæri ef þau fá tækifæri til. Verkfæri eins og hnífa, sagir, axir, reipi og jafnvel rafmagnsverkfæri eins og borvélar. Þetta gefur börnum tækifæri á að vinna með sjálfsöryggi og þekkingu á verkfærum. Áhættan í þessum leikjum felast í að notkun þessara verkfæra geta leitt til slysa, eins og skurða eða annarra sára (Sandseter, 2007). Þess má geta að í rannsókn Sandseter sem hún gerði árið 2009 sleppti hún að rannsaka þennan leik þar sem börnin voru ekki sammála henni um að þessir leikir væru áhættuleikir (Sandseter, 2009).

### *Leikur í hættulegu umhverfi*

Leikur þar sem börn sækja í tækifæri til að prófa sig áfram við hættulegar aðstæður eins og við eld eða að leika í nánd við djúp, köld og eða öldumikil vötn. Leikur í slíku umhverfi gefur börnum tækifæri á að horfast í augu við sína eigin hræðslu og öðlast betri skilning á umhverfinu. Þennan leik tók Sandseter ekki heldur fyrir í rannsókninni 2009 af sömu ástæðum og leik með hættuleg verkfæri, börnin voru ekki sammála að um áhættuleik væri að ræða. Áhættan í leikjum í þessum flokki geta leitt til alvarlegra slysa svo sem brunasára eða drukknunarhættu (Sandseter, 2007).

### *Ærslaleikur*

Börn sækja gjarnan í ærslaleiki þar sem þau geta verið að skylmast með sverðum, prikum eða greinum, farið í gamni slag þar sem þau læra á og móta betur félagsfærni sína í samleik við jafnaldra sína. Börnin læra inná hvað er boðlegt þegar kemur að árásargirni og samkeppni sem nýtist þeim þegar kemur að fullorðinsárum. Áhættan sem fylgir ærslaleiknum er ef til vill möguleiki á að barn meiði sig annað hvort með því að fá marbletti eða aðra minni áverka þegar leikurinn fer yfir mörkin í gamni slag og einhver meiðist (Sandseter, 2007).

### *Leikur þar sem börn gætu týnst*

Leikur sem fer fram á opnu svæði, engin girðing og því erfitt fyrir fullorðna að gæta að barnahópi fellur í þennan flokk. Börn sækjast í tækifæri til að leika á og rannsaka svæði sem þau þekkja ekki endilega vel, annað hvort ein eða í hópi. Að týnast eða villast gefur ákveðna tímabundna spennu hjá barninu en áhættan er fólgin í því að barn týnist og finni ekki sjálft leiðina til baka. (Sandseter, 2007).

## 4 Upplifun barna í áhættuleik

Sandseter er sá fræðimaður sem hefur rannsakað áhættuleik barna hvað mest og gerði meðal annars árið 2009 rannsókn til að reyna varpa ljósi á upplifanir barna þegar þau taka þátt í áhættuleik. Í þetta sinn voru gerðar myndbandsupptökur af áhættuleiknum og voru öll fjögurra til fimm ára börn í skólanum þátttakendur í rannsókninni en þar sem áherslan var á að taka upp áhættuleik þá voru sum barnanna meiri þátttakendur en önnur. Það er óhjákvæmilegt þar sem ekki eru öll börn jafn áhættusækin. Upptökur fóru bæði fram á útisvæði skólanna sem og á ferðum barnanna fyrir utan skólalóð.

Sandseter (2009) talar um að börn skynji áhættu sem eitthvað sem þau hafa ekki prófað áður, þar sem þau séu að missa tókin á aðstæðum og oft þar sem þau eru að leika í mikilli hæð eða á miklum hraða. Það að sigrast á óttanum er mikilvægur þáttur fyrir leikskólabarn. Það er í eðli barna að vera forvitin um sjálf sig og umhverfi sitt, að uppgötva hvað sé öruggt og hvað ekki. Í rannsókninni 2009 tók Sandseter fyrir þrjá flokka af þeim sex sem hún hafði áður flokkað sem áhættuleik í rannsókn sinni árið 2007. Flokkarnir leikur með mikla hæð, leikur með mikinn hraða og ærslaleikur voru teknir fyrir að þessu sinni. Ástæðan fyrir því að sleppa hinum þremur þáttunum var meðal annars sú að börn og starfsfólk voru ekki alveg sammála um hvort um áhættuleik væri að ræða þegar unnið var með hættuleg verkfæri eða leikið nálægt hættulegum stöðum eins og vatni eða við eldstæði. Þriðja þáttinn var svo erfitt að nota þar sem hann skoðar börn sem eru fjarri fullorðnum og geta týnst. Í upptökunum var verið að leitast eftir að varpa ljósi á upplifanir barnanna þegar þau taka þátt í áhættuleik. Þetta voru þættir eins og andlitssvipir sem lýstu hræðslu, áhyggjum, gleði, ánægju og svo framvegis. Líkamsviðbrögð eins og stífur líkami, hik, rétta hendur upp fyrir höfuð í sigurstöðu, hoppa upp og niður af gleði eða öskra, skrækir og hlátur, einnig var skoðað hvað þau sögðu. Reynt var að leggja jafnt mikilvægi á líkamstjáningu, andlitstjáningu og tjáningu með orðum þegar tilfinningar barnanna voru metnar. Í rannsókninni var leitast við að svara spurningunum, hvernig tjá börn upplifun sína í áhættuleik og hvaða tilfinningar geta verið túlkaðar af rannsakendum frá þessari upplifun? Þetta er þó gert með augum rannsakenda og verður að taka það með í niðurstöðunum. Allar upptökur voru yfir farnar og öll smáatriði skráð úr hverri einustu upptöku hvað barnið/börnin gerðu í aðstæðum, staðsetning leiksins, hvað börnin sögðu eða hvaða hljóð þau gáfu frá sér. Niðurstöður þessarar rannsóknar skipta máli fyrir viðhorf til áhættuleiks. Þær gefa til kynna að börn ættu að fá að upplifa áhættuleik í leikskóla sem og í öðrum leikaðstæðum, einnig að áhættuleikur ætti að vera viðurkenndur sem mikilvægur hluti af leik barna. Börn ættu að hafa tækifæri til að taka þátt í áhættuleik sem hæfir hverju og einu barni og jafnframt ættu kennarar að hvetja og styðja börn til að taka áhættu. Öryggi barna er mikilvægt og alltaf þarf að gæta þess að ekki verði alvarleg slys. Kostir áhættuleiks ættu að vera vel kynntir og hafðir með í umræðu um leiköryggi

(Sandseter, 2009). Einungis tveir skólar tóku þátt í þessari rannsókn og er tekið fram að nauðsynlegt sé að rannsaka betur upplifun barna í áhættuleik, einnig að rannsaka betur hvernig einstaklingurinn sækir í áhættu þar sem það er mikilvægt og þarft innlegg í leiköryggis umræður. Í Kanada fór fram rannsókn í aldursblönduðum leikskóla sem meðal annars var ætlað að rannsaka og lýsa með skýrari hætti leikþrá barna, skynjun þeirra varðandi áhættusama leiki og getu þeirra til að meta hættu. Rannsóknaraðferðin var fyrirbærafræðileg og gagnaöflun fólst meðal annars í vettvangsglósum sem gerðar voru í starfi með börnunum, myndbands- og hljóðupptökum og í viðtölum við þátttakendur. Þessi rannsókn leiddi í ljós ótrúlegan styrk barna við að takast á við hættur og mikinn áhuga þeirra þegar kemur að áhættuleik. Þegar börnin fá tækifæri til að taka áhættu og prófa sig áfram með stuðningi frá fullorðnum sýna þau aukið áræði og sjálfsöryggi (Walters, 2020).

Stephenson (2003) tók eftir því í rannsókn sinni að fjögurra ára börn voru hungruð í að takast á við aðstæður sem þeim fannst ógnvekjandi eða krefjandi. Þegar þau voru spurð um hvað það væri sem þeim þætti ógnvekjandi eða krefjandi í útiverunni þá kom í ljós að margt það sem þeim þótti einu sinn vera það var það ekki lengur. Þau sækja í nýjar áskoranir þegar þau hafa yfir unnið þær fyrri. Það að barn nái tökum á áhættu er mikill hvati í leik barna og gott dæmi um þetta er þegar barn rennir sér niður brekku á sleða, situr og snýr rétt í einni ferð og prófar svo að liggja með höfuð fremst á sleðanum í þeirri næstu og svo jafnvel snúa aftur á bak í þriðju ferðinni (Sandseter 2007). Sandseter (2009) komst að því að það skipti börnin meira máli að kennararnir veittu svigrúm til áhættuleikja en þau leiktæki sem voru til staðar.

Í rannsókn Kleppe og féлага (2017) var fylgst með hópum barna á aldrinum eins til þriggja ára í áhættuleik kom í ljós að tveggja og þriggja ára börn tókust á við svipaðar aðstæður í áhættuleik og þau sem eldri voru. Þegar eins árs börn voru að prófa sig áfram með hvar eða hver mörkin þeirra voru í áhættuleik komu fram aðrir þættir. Þetta eru þættir eins og myrkur, hávær hljóð, óþekktir hlutir eða umhverfi og því var ákveðið að bæta þeim þáttum við sem teljast til áhættuleikja eins árs barna því þeir eiga betur við en til dæmis leikir með mikinn hraða eða hættuleg verkfæri.

## 5 Áhættumat

Í umræðunni um áhættuleik er mat á hættum á leiksvæði og leikefni, auk ábyrgðar hins fullorðna á að koma í veg fyrir slys á börnum, hávær. Brussoni (2012) skoðaði sambandið á milli þroska barna og hugmynda fullorðinna um áhættu með það að markmiði að barn slasi sig ekki. Að varna því að börn slasi sig illa er lykilatriði þegar kemur að áhættuleik en það að setja of margar og strangar reglur þegar kemur að áhættu getur einnig hamlað þroska þeirra. Í gegnum aldir hafa börn leikið sér frjáls úti við jafnaldra oft án þess að fullorðinn sé nálægur þegar ákveðnum aldri hefur verið náð. Þessi börn tóku þátt í skemmtilegum ævintýrum og fóru eins langt og þau voru tilbúin til. Slys urðu öðru hverju og ef þú biður fullorðinn einstakling að rifja upp meiðsli sem urðu í barnahópnum þegar leikið var eru flest svörin á þá leið að stöku marblettur, skráma eða kúla hafi verið þau slys sem urðu. Örfá atvik voru nefnd þar sem talað var um handleggsbrot eða fótbrot en ekkert verra en það. Það vill enginn að börn slasi sig en ávinningurinn af því að taka áhættu þarf alltaf vera með í umræðunni þegar kemur að öryggi barna til að þau fái tækifæri að læra á og þekkja eigin mörk (Brussoni, 2012).

Fáar rannsóknir er að finna á samspili öryggismats og áhættuleiks og lítið fjallað um það í áætlunum íslenskra skóla svo sem aðalnámskrám, skólanámskrám og öðrum þeim áætlunum sem skólar vinna eftir. Í aðalnámskrá leik- grunn og framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) er ekkert fjallað um áhættuleik eða um ásókn barna í að taka áhættu. Í handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum, sem menntamálaráðuneytið gefur út, er kafli sem fjallar um öryggismál í námsumhverfi, þar er talið upp hvað starfsmenn þurfa að hafa og geta til að gæta öryggis barna, upptalningin nær til þátta eins og að allir starfsmenn þurfi að fara á slysavarnarnámskeið og halda þeirri þekkingu við, að umhverfi sé öruggt þannig að börn verði ekki fyrir slysum og að áhættumat sé gert (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Þar stendur einnig:

“Allt starfsfólk leikskóla ber ábyrgð á börnum meðan þau eru í leikskólanum og verður að grípa inn í ef barn sýnir af sér hegðun sem getur leitt til slysa. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um hvaða hættur geta leynst í leikskólum og umhverfi þeirra “ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 17).

Í kafla sjö í handbókinni er fjallað um öryggi í ferðum á vegum leikskóla og þar segir:

„Þegar ferðir eru skipulagðar þarf að gæta þess að ekki sé farið með börn á staði sem þau ráða illa við sökum aldurs eða þroska eins og í fjallgöngur eða á svæði sem þau eiga mjög erfitt með að fara um. Mikilvægt er að tryggja að börn verði aldrei viðskila við starfsfólk leikskóla í ferðum. Mikilvægt er að starfsmenn hafi



gsm síma með í ferðalögum á vegum leikskóla” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 33).

Í viðauka handbókarinnar er settur fram listi með tillögum að skipulagi við undirbúning ferða á vegum leikskóla þar sem meira er rætt um almenn atriði eins og lista með nöfnum barna, hver er ábyrgðarmaður á ferð, hvað er gott að taka með sér í ferð eins og síma ef að slys verður. Þar kemur líka fram þessi setning:

“Mikilvægt er að halda börnunum saman í hóp og tryggja að þau verði aldrei viðskila við starfsfólk leikskóla eða foreldra/forsjáraðila” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 55).

Kristín Norðdahl (2016) talar um að þögn ríki í lögum og reglugerðum skóla um útiumhverfið sem námsumhverfi þrátt fyrir að áhersla sé lögð á það í námskrám og stefnum sveitarfélaga. Það sé merkilegt að ekki sé fjallað um útiumhverfið í lögum um leikskóla því almennt sé útivera leikskólabarna mikils metin og lögð á það áhersla að þau fari út í einn til tvo tíma á dag á leikskólatíma. Í lögum og reglugerðum er skólahúsnæði skilgreint af nákvæmni en ekki er fjallað um útiumhverfið að sama skapi.

Á undanförunum árum hefur rík áhersla verið lögð á mikilvægi útináms í Skotlandi. Meðal annars hefur verið horft til áhættuleiks í því samhengi. Samtök sem kalla sig Thrive outdoors hafa tekið saman gagnlegar og skemmtilegar ábendingar fyrir kennara sem aðhyllast og bjóða áhættuleik. Hér á eftir fara nokkrir punktar sem teknir hafa verið saman frá heimasíðu þeirra (Inspiring Scotland, e.d.):

- Góð regla er að fara yfir það svæði sem á að nota til áhættuleiks, fjarlægja hluti sem þið teljið ekki hæfa eða geta valdið slysi og þá er hægt að hefja leikinn og gefa börnunum frjálstan taum.
- Treystum börnunum, það er mikilvægt að treysta börnunum til að taka ákvarðanir fyrir sig sjálf, sérstaklega þegar kemur að áhættuleik. Notum skynsemina en reynum að halda aftur af okkur að hrópa setningar eins og; Nei ekki gera þetta, þetta er ekki öruggt. Öryggi barna þarf alltaf að vera í fyrsta sæti.
- Þurfum ekki alltaf að hlaupa til og aðstoða börnin, gefum þeim tíma til að finna sjálf lausn á vandamálinu. Að sjálfsögðu enn og aftur að hafa öryggi barna í huga en oft þurfa börn smá stund til að finna lausnir þegar verið er að klifra niður úr tré hvaða leið er öruggust og auðveldust til að komast til baka.
- Verum hvetjandi, það er mjög gott að vera hvetjandi og tala við börnin og koma með hugmynd eða ráð til að hvetja áfram. Að nota jákvætt orðaval getur verið hjálplegt til

að byggja upp sjálfsöryggi barna í áhættuleik. Að koma með spurningar sem eru hjálplegar eins og hvort grein á tré sé örugg áður en klifrað er getur stutt barnið í ákvarðanatöku sinni með hvað á að gera næst.

- Njóta og hafa gaman. Það er mjög auðvelt að stressast upp og hafa áhyggjur af áhættuleik en því afslappaðra sem við höfum umhverfið í áhættuleiknum þeim mun öruggari og afslappaðri verða börnin.

Þegar börn leika á svæðum þar sem öryggisviðmið og snyrtileiki er settur í forgang hverfa oft tækifæri barnanna til að kanna og blómstra. Þegar ýktar öryggisreglur eru settar fram sýnir það hversu lítið við treystum börnunum og gefur þeim röng skilaboð um þeirra langanir og þrár. Í of vernduðu umhverfi þar sem öryggið er sett í fyrsta sæti getur það haft heftandi áhrif á frjálsan leik barnanna. Þegar leikumhverfi barna verður svo verndað og hreint hverfa tækifæri þeirra til að rannsaka og skapa í leiknum, börnin upplifa það að þeim sé ekki treyst og skilaboðin sem við gefum út er að hugmyndir þeirra og langanir séu ekki virtar. Of mikil áhersla á öryggisreglur verður þess valdandi að börn missa af lærdómstækifærum á leiksvæðum. Að auki fá börnin ónóg tækifæri til að efla líkamsstyrk sinn og frjálsræði til að uppgötva á eigin forsendum og það getur leitt til skorts á félagstengslum hjá börnum (Walter 2020).

Víða er áhugi á að börnum sé boðið upp á áhættuleik og til dæmi er í Bretlandi starfstétt sem kallast playworkers. Þeir sem tilheyra þeirri stétt hafa menntað sig meðal annars til að skilja betur leik barna í útiveru og hvernig æskilegt er að skapa svæði til útináms sem bíður upp á áhættuleik. Starfstöðvar þeirra eru opin leiksvæði þar sem boðið er upp á áhættuleiki svo sem opin eld og verkfæri og hafa þeir það hlutverk að grípa inn í ef áhættan sem börnin ætla að taka er orðin óæskileg. Þeir halda aftur af sér að stjórna leiknum og taka jafnan ekki þátt nema þeir séu sérstaklega beðnir um það. Tilgangurinn er að starfsmaðurinn gefi börnum tækifæri til að prófa sig áfram sjálf og meta hættur (Simon Bzley (2018).

<https://www.playwales.org.uk/login/uploaded/documents/INFORMATION%20SHEETS/A%20playworkers%20guide%20to%20risk.pdf>

## 6 Aðkoma fullorðinna í áhættuleik

Það getur verið áskorun fyrir fullorðna að sjá til þess að börn fái tækifæri til að taka áhættur í leik sínum og alveg sérstök áskorun þegar hinn fullorðni verður sjálfur óöruggur eða jafnvel hræddur. Ef svo er þarf hinn fullorðni að meta hvort hræðslan eigi rétt á sér eða hvort þetta er hræðsla við eitthvað sem hann á sjálfur eftir að vinna úr (Almon, 2013) Mikilvægt er að börn fái í raun að prófa sig áfram, finna hver mörk þeirra eru og ögra líkamsstyrk sínum. Á síðustu árum hefur vægi útináms verið að minka í leikskólum og er það að hluta til strangari reglur sem kennurum er gert að fylgja og ótta þeirra við að börn slasi sig í leiknum. (Fasting, 2019). Börn sem hafa tækifæri til að læra í gegnum hreyfingu læra fljótt að sjá hver mörkin þeirra eru, hvað þau geta og hvað þau geta ekki. Gæta þarf öryggis en muna jafnframt eftir því að barn verður að fullorðnum einstaklingi og ef hann hefur æft sig að detta sem barn þá verður hann færar í að forðast hættur til dæmis næst þegar hann er nærri því að falla. Börn með góða líkamsvitund eru betur varin en þau sem aldrei upplifa áhættu á unga aldri (Fasting, 2019).

Brussoni og félagar (2012) tóku viðtöl við foreldra um viðhorf til áhættu og kom í ljós að það frelsi sem þau gáfu börnum sínum í leik og óskir þeirra um tækifæri barnanna til áhættu fór ekki saman. Þegar þeir eru spurðir um hverjir leikstaðir þeirra voru í barnæsku þá lýstu þeir mjög ítarlega svæðum eins og skógi, skurðum og opnum svæðum sem voru í burtu frá öllum fullorðnum og enginn fór heim fyrr en kom að matmálstíma. Í kjölfar viðtalanna uppgötvuðu foreldrarnir að börn þeirra hafi ekki sömu tækifæri til að taka áhættu og þau höfðu vegna þeirra takmakanna sem þeir setja börnum sínum og það sé yfirleitt vegna eigin hræðslu um að börnin þeirra verði fyrir slysum.

Nærvera fullorðinna er mjög mikilvæg í leikskólanum bæði inni og úti. Eins og minnst var á hér að ofan þá hefur það verið að breytast hverju mikinn tíma börn hafa í útiveru og hreyfingu. Fullorðnir stjórna tíma barna mun meira en áður og þarf ekki annað en að hugsa til eigin barnæsku þegar spennandi áskoranir voru framkvæmdar og oft án þess að fullorðinn væri nálægt (Fasting, 2019).

Í norskri rannsókn Obee og félaga (2021) var ákveðið að kanna viðhorf bæði kennara og foreldra á hvaða þættir það væru sem hefðu mest áhrif á að börn fengu tækifæri til áhættuleiks en Noregur er það land sem talið er komið lengst í jákvæðum viðhorfum til áhættuleiks. Rannsóknin fór fram í litlum leikskóla og voru tekin viðtöl bæði við kennara og foreldra þar sem spurt var út í viðhorf þeirra til áhættuleiks. Útkoman var sú að þeir foreldrar sem höfðu upplifað talsverða áhættu í sínu lífi voru frekar tilbúnir að gefa barni sínu tækifæri á að upplifa áhættu þar sem þeir einblíndu frekar á kosti leiksins en hættuna sem gæti fylgt.

Þeir foreldrar sem höfðu lifað frekar áhættulitlu lífi voru frekar með augun á slysum og óhöppum sem gætu orðið og hvernig þau gætu sem best forðað börnunum frá því að mistakast. Viðhorf foreldra sem tóku þátt í þessari rannsókn til áhættuleiks voru mjög jákvæð og gerðu þeir sér flestir grein fyrir mikilvægi hans þegar rætt var við þau. Eitt foreldri talaði um að það þyrfti að leyfa börnum að leika sér og ef að þau fá ekki smá skrámur þá eru þau sennilega að sitja of mikið. Kennarar töluðu um að til að gera námsáætlun fyrir börnin þyrftu þeir að fá að mynda tengingu við þau því að rödd þeirra skipti máli þegar gerð væri áætlun. Það kom fram hjá kennurunum að þeir yrðu að vera vakandi fyrir umhverfinu og breyta því ef þeir töldu að börnin væru orðin leið á því. Í niðurstöðum rannsóknarinnar er dregin sú ályktun að það séu einkum þrír lykilþættir í fari kennarans í leikskólastarfi sem hafa áhrif á sýn hans varðandi það hvort börn eigi að upplifa áhættuleik eða ekki. Þessir þættir voru upplifun í barnæsku, viðhorf til áhættu og fræðsla til starfsfólks um áhættuleik.

Í grein Ernst (2013) kemur fram að kennarar tengi ekki útivistarsvæði við nám, heldur tengja þeir útisvæðið meira til að örva leikupplifanir barnanna. Hún telur því mikilvægt að fræða kennara til að breyta viðhorfum þeirra og auka nýtingu á opnum svæðum fyrir leikskólabörn. Margir kennarar líta á almenningsgarða sem kjörið svæði til að nota frekar en opin náttúruleg svæði með mun meiri möguleikum. Þó eru til umfjallanir sem eru þessu ósammála og hefur verið íað að því að það sé erfitt fyrir kennarar að finna lausn á því sem þá langar að gera og því sem er framkvæmanlegt. Börn sem hafa möguleika á að leika í náttúrulegu umhverfi ná mun fyrr góðri hreyfigetu, jafnvægi, úthaldi og samhæfingu hreyfinga heldur en börn sem leika eingöngu á leikssvæði sem er manngert eða með tilbúnum kastala eða rólum.

Wood (2013) heldur því fram að ábyrgðin breytist þegar kemur að útsvæðum, kennarar þurfi meira hugrekki, traust og trú á börnin, virða þeirra ákvarðanir og fjölga verkefnum þegar út er komið til að tækifærin til að taka áhætta verði fleiri. Með því að veita og meta umhverfið út frá tækifærum til að taka áhættu og hversu mikil hætta er getum við gert ráðstafanir til að gera hættuna ásættanlega.

Ekki eru til margar rannsóknir sem eingöngu rannsaka viðhorf kennara til áhættuleiks. Rannsókn Walters (2020) var hugsuð til að fá kennara til að hugsa um ástæður þess hvernig þeir líta á áhættuleik og gefa þeim innblástur til að verða öruggari í að bjóða upp á tækifæri sem innihalda áhættuleik og þannig fái börn svo tækifæri til að taka þátt í áhættuleik í sínu daglega starfi. Enn frekar fær rannsóknin alla að borðinu, kennara, foreldra og samfélagið í heild til að endurhugsa möguleikana sem áhættuleikur gefur börnum.

Í rannsókn Cooke og félaganna (2020) voru almennar hugmyndir kennara um áhættur rannsakaðar umfram leikinn sjálfan eða börnin í leiknum. Þátttakendur fengu fræðslu um áhættuleik áður en þeir voru síðan spurðir út í viðhorf sín. Í niðurstöðunum kemur fram að

Það þarf ekki mikið til þess að víkka hugsun kennara þegar kemur að áhættuleik og bent er á að fagleg umræða sé árangursrík leið til að hvetja kennara til að hugsa í ríkara mæli um áhættu. Flestir töluðu um í upphafi að áhættuleikur ætti sér aðeins stað á útisvæði en eftir að hafa tekið þátt í rannsókninni voru þeir tilbúnir að viðurkenna að áhætta næði yfir fleiri þætti en útiveru. Það fer eftir reynslu, hæfni og sjálfsöryggi hvernig einstaklingar skynjar áhættu. Þó svo að kennarar hafi lýst áhættu sem áskorun sáu þeir ekki allir að áskorun væri tengd áhættu. Með því að velja það að gerast félagi barnanna og gefa þeim tækifæri til að prófa sig áfram og uppgötva á eigin spýtur í leik hjálpum við börnum að læra mikilvæga lífslexíu sem mun styðja þau í gegnum lífið.

Rannsókn Walters (2020) var hugsuð til að fá kennara til að hugleiða hvernig þeir líta á áhættuleik og gefa þeim innblástur til að verða öruggari í að bjóða upp á tækifæri sem innihalda áhættuleik og veiti þannig börnum tækifæri til að taka þátt í áhættuleik í sínu daglega starfi. Enn frekar fékk rannsóknin alla að borðinu, kennara, foreldra og samfélagið í heild til að endurhugsa möguleikana sem áhættuleikur gefur börnunum.

Ernst (2013) segir að rannsaka þurfi betur hvaða áhrif kennarar hafa á nám tengt 1náttúrunni og áhættu, þar sem þær rannsóknir sem unnar hafa verið eru frekar misvísandi á hvort viðhorf, reynsla eða lög og reglugerðir eru að stjórna því hvernig kennsla í þessu umhverfi fer fram. Það verði að athuga hvort þörf er á átaki að styðja kennara til að takast á við að kynna náttúrulegt umhverfi fyrir börnum. Það hefur líka sýnt sig að öll umræða sem vekur fólk til umhugsunar um áhættuleik er af hinu góða og fær kennara oft til að velta viðhorfum sínum fyrir sér og jafnvel breyta áherslum

Það er í verkahring kennara að kynna fyrir foreldrum verkefni útináms og þá kosti sem það hefur, hættur eða ekki hættur. Þegar foreldrar skilja að kennarar hafa tekið áhættuþáttinn inn í mengið og metið hvað þarf að gera eða hvað þarf að varast, koma flestir foreldrar með í lið með kennurum sem bjóða uppá útinám. Of mikið inngrip kennara getur verið alveg jafn mikið vandamál eins og of lítið. Börn þurfa að hafa frelsi til að velja, eigna sér verkefni og stjórna. Inngrip getur verið slæmt einkum ef hinn fullorðni takmarkar eða fer með leikinn í annan farveg en börnin ætluðu sér (Wood, 2013).

## 7 Samantekt og umræður

Í köflunum hér á undan hef ég fjallað um rannsóknir á áhættuleik barna og áhrif hins fullorðna á tækifæri barna til áhættuleiks. Það er börnum mikilvægt að fá að læra að meta sjálf áhættur í umhverfinu til að öðlast sjálfsöryggi en jafnframt hafa fullorðnir mikil áhrif á tækifæri þeirra til þess. Þegar ég var að taka mín fyrstu skref í skógarferðum með leikskólabörn sá ég fljótlega að ég og mínir samstarfsmenn vorum ekki samstíga um hversu mikið við gætum treyst börnum eða hvað við vorum tilbúin að bjóða börnunum upp á.

Ernst (2013) fjallar um að kennarar séu of uppteknir af að meta svæði út frá eigin þörfum og öryggi fremur en möguleikum til leiks eða náms fyrir barnahópin. Sumir samstarfsmenn mínir vildu að börnin héldust í hendur þegar gengið væri á ákveðna áfangastaði á meðan mér fannst það hefta börnin. Samstarfsmenn mínir sáu hættur í hverju skrefi þegar farið var í skógarferðir og vildu vera með strangar reglur svo þeir sjálfir fengju kjark og þor til að fara í ferðirnar. Á meðan ég var upptekin af að hafa fáar og einfaldar reglur, eins og að börnin áttu alltaf að sjá kennara, koma til kennara þegar þeir heyrðu í flautu og stoppa á krossgötum ef þau voru að hlaupa á undan kennara. Wood (2013) talar um að kennarar þurfi að hafa trú og traust á barnahópnum, ígrunda svæðin sem leikið er á út frá hættum og gera ráðstafanir til að gera hættunarnar ásættanlegar út frá hópnum sem er með í för. Almon (2013) nefnir að oft sé erfitt fyrir fullorðna að þurfa að vinna með eigin hræðslu eða velja svæði sem bjóða upp á sem fjölbreyttastar leikgerðir.

Fljótlega eftir að áhugi minn kviknaði á útinámi og skógarferðum sannfærðist ég um að námstækifæri fyrir börnin væru á hverju strái ekki síst í að læra á umhverfið og sigrast á áskorunum. Fjölbreytt tækifæri buðust í ferðunum svo sem að klifra í trjám með mis sterkum greinum, kanna hversu traustur ísinn var á pollum og að hoppa yfir læki og á milli þúfna. Börnin eru eins misjöfn eins og þau eru mörg, sum hver með góðan líkamsstyrk og sækjast í að ögra bæði sjálfum sér og kennurunum. Sandseter (2009) telur það vera eðli barna að vera forvitin og vilja uppgötva sjálf hvað sé öruggt og hvað ekki. Walters (2020) segir að stuðningur fullorðinna skiptir miklu máli þegar börn sýna aukið áræði og sjálfsöryggi.

Það varð fljótlega markmið mitt að reyna að gefa hverju barni tækifæri til að prófa sig áfram á eigin forsendum en ákveða ekki eina reglu fyrir öll börnin. Það skiptir máli hvernig við tölum við börnin og mikilvægt að hafa spurningar opnar þannig að við séum ekki að koma með svör fyrir börnin heldur að fá þau til að velta fyrir sér hvað þau þurfa að gera til að meta hvort þau eigi að hrökkva eða stökkva. Til að gefa barni slík tækifæri er til dæmis hægt að spyrja þau hvort þau treysti sér lengra eða hvort þau viti hvernig þau ætla að komast niður frekar en að ákveða fyrir þau að þau fái ekki að klifra hærra.

Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram að börn eigi að hafa rými fyrir sköpunarferli, finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti og vinna með fjölbreyttan efnivið. Gefa á börnum tækifæri á að gera tilraunir og öðlast skilning á þáttum eða efni sem það kemst í kynni við og tækifæri til að prófa sig áfram í jafningjahópnum og finna styrkleika sína (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Ég velti því fyrir mér hvort við séum ekki að bregðast skyldum okkar að bjóða eingöngu upp á einsleitt og staðlað leikefni á útisvæðum. Það er mín skoðun að manngert leikefni er sjaldan til þess fallið að bjóða upp á fjölbreytni.

Það er margt að læra þegar unnið er með börnum og sennilega eitt það mikilvægasta er að þekkja barnahópinn og byggja upp traust þegar fara á með barnahóp á svæði sem býður upp á áhættuleik líkt og Wood (2013) benti á að hinn fullorðni verði að hafi trú og traust á hópnum. Hræðsla kennara við að þeir hafi ekki yfirsýn yfir barnahópinn eða að ekki sé nóg af starfsfólki til að gæta hópsins hefur áhrif á þau svæði sem heimsótt eru. Valin eru frekar svæði út frá öryggi kennara en möguleikum leiks eða náms. Hinn fullorðni ákveður svæði út frá eigin öryggi og því sé mikilvægt að kennararnir ræði saman um möguleika svæða sem valin eru þannig að hagur barna sé settur í forgang (Ernst, 2013). Það er reynsla mín líkt og kemur fram hjá Sandseter (2007) að þegar börn eru orðin leið á hvernig á að róla eða renna sér þá finni þau leiðir til að ögra sér og prófa eitthvað nýtt eins og að hoppa úr rólunni eða ganga upp rennibrautina. Flestir kennarar telja að það skipti miklu máli í leikskóladegi barna að þau fái ný ögrandi tækifæri þegar áskoranir hætta að vera áskoranir og verða að þægilegu viðfangsefni. Þó hefur það sýnt sig að það er ekki alveg samræmi á milli hugmynda og virkni kennara og velti ég því fyrir mér hvort við lítum of oft á útiveru sem frímínútur fyrir börn og starfsfólk frekar en svæði tækifæra og upplifana. Flestar þær rannsóknir sem ég hef vísað í hér í ritgerðinni tala um hversu jákvæðir kennarar eru gagnvart áhættuleik en það sýnir sig ekki þegar kemur að því að bjóða upp á svæði eða efnivið sem ýtir undir áhættuleik.

Samkvæmt skrifum Ernst (2013) þá segir hún að rannsaka þurfi betur hvaða áhrif kennarar hafa á nám tengt náttúrunni og áhættu, þar sem þær rannsóknir sem unnar hafa verið eru frekar misvísandi um hvort viðhorf, reynsla eða lög og reglugerðir eru að stjórna því hvernig kennsla fer fram í þessu umhverfi. Stephenson (2003) kemst að því að möguleikar barna á áhættuleik standi og falli með viðhorfi kennarans. Ef kennari hefur gaman af útiveru og sýnir hreyfingu áhuga þá hefur hann jákvæðara hugarfar í að leiðbeina og leyfa börnum að finna og upplifa hvað áhætta er en gera þó jafnframt áhættumat. Ég upplifi að sú löngun mín að bæta tækifæri barna til náms og þátttaka mín í lærdómssamfélagi þar sem margir af mínum samstarfsmönnum voru tilbúnir í samtal um áhættuleik, útínám og skógarferðir hafi sannarlega haft áhrif á bætta námsaðstæður barna. Það er í takti við niðurstöður Cooke og félagar (2020) sem komast að því að fagleg umræða sé árangursrík leið til að opna huga

kennara gagnvart áhættuleik og að samtalið hafi fengi þá til að rökstyðja skoðanir sínar og gert þá öruggari.

Svar mitt við rannsóknarspurningunni: „Hvaða áhrif hafa fullorðnir á tækifæri barna að þroskast í gegnum áhættuleik?“ er að það eru hinir fullorðnu sem skapa flest þau tækifæri sem börnin hafa til áhættuleiks. Fullorðnir ákveða fyrir börnin leikefni, leiksvæði og hvort þau fái tækifæri til að meta hættur og prófa sig áfram. Viðhorf foreldra og forráðamanna hafa mikið um það að segja hvað börnin þeirra fá að reyna sig við áhættur. Þeir foreldrar sem sjálfir hafa fengið að upplifað hættur eru frekar tilbúnir að gefa börnum sínum tækifæri til að leika í áhættuleikjum. Kennarar í leikskólum eru í lykilaðstæðum til að bjóða upp á og fræða um áhættuleik. Upplifun í æsku, viðhorf og fræðsla hvort sem það er að fræðast eða fræða foreldra og aðra sem koma að uppeldi barna eru þættir sem hafa áhrif á tækifæri barna til að þroskast í gegnum áhættuleik. Eins og fram kom fyrir í þessari ritgerð, þá tala þátttakendur rannsókna um hversu miklu máli samtalið og umræður um áhættuleik skipta. Það hafi vakið þá til umhugsunar og jafnvel breytt viðhorfum sem er það sama og ég hef fundið fyrir í mínu starfi. Ef ég sem fagmaður næ mér í fræðslu og nýti mér hana svo í starfi með börnunum þá er það hagur allra. Að fá tækifæri til að taka samtalið við samstarfsfélaga og hlusta á hugmyndir og vangaveltur, koma jafnvel með spurningar til að velta fyrir sér gefur vonandi fleirum hugrekki til að prófa sig áfram.



## 8 Lokaorð

Sem leikskólakennari til margra ára og áhugamanneskja um áhættuleik hef ég haft gagn og gaman af að lesa mér til um rannsóknir sem gerðar hafa verið um áhættuleik og gert mig margs fróðari. Lesturinn hefur fengið mig til að hugsa enn frekar um hvaða leiktækifæri börnum er boðið upp á í dag þegar kemur að útiveru og leikefni á útisvæðum. Meðvitund mín um mikilvægi þess að bjóða börnum upp á útisvæði þar sem þau fá að ögra sér í leik, læra að bera virðingu fyrir umhverfinu sem og að meta áhættu hefur styrkst. Því miður erum við að sjá alltof mikið af manngerðum einhæfum leiksvæðum þar sem öryggið er sett svo hátt að börn ná ekki einu sinni að verða skítug.

Við þurfum að vera tilbúin að líta á börn sem hæfileikaríka, færa og sterka einstaklinga, að hlusta á hugmyndir þeirra og vinna saman að því að gera útisvæði sem ögra og örva. Svæði sem hægt er að breyta og bæta án þess að kosta miklu til. Efniviður eins og bretti, sjóbelgir, dekk, greinar, trjádumbar og grjót er allt aðgengilegur efniviður sem hefur þessa kosti. Eftir að hafa lesið mér meira til um áhættuleik sé ég hversu mikilvægt það er að efniviður á útisvæði leikskóla ögri og örvi börnin. Að hægt sé að bjóða upp á opin efnivið þar sem tilgangurinn er að þau fái að prófa sig áfram, hvort sem er að draga, lyfta, sveifla, byggja eða setja saman. Að geta gefið börnum tækifæri til að taka áhættu, uppgötva og prófa sig áfram á sínum forsendum. Að taka umræðu um hvaða hættur eru í umhverfinu og fá börn og kennara til að bera virðingu fyrir hættunum. Einnig hversu miklu máli það skiptir hvað viðhorf mitt sem kennari hefur að segja varðandi það hverju börnin fái að kynnst.

Að vera úti í náttúrunni og geta boðið upp á tækifæri til að klifra í trjám, hoppa af þúfum, kanna óþekkt svæði, klifra í klettum, tálga grein sem liggur í grasinu eða hlaupa um frjáls eru allt hlutir sem börn ættu að fá að upplifa. Úti í náttúrunni fá börn betra tækifæri til að hreyfa sig meira þar sem pláss innan veggja skólanna er takmarkaðra heldur en úti í náttúrunni. Eins og komið hefur fram hér að ofan þurfa börn að hafa tækifæri til að þroska líkamsþroska sinn og það gera þau með því að vera virk og hreyfa sig. Börn sem fá tækifæri til að kynnst líkama sínum og stjórna hreyfingum sínum ná betra valdi á samhæfingu hreyfinga sem gerir þau bæði líkamlega öruggari og sjálfsöruggari. Eins og Sandseter talaði um að úti í náttúrunni þroska börn betur grófhreyfingar sínar og læra betur að bregðast við áhættu en það er í höndum okkar fullorðinna að gefa þeim þessi tækifæri.

## Heimildaskrá

- Almon, J. Adventure. (e.d) The value of risk in childrens play. Publications and Reports — Alliance for Childhood
- Archer, C. og Siraj, I. (2015). *Encouraging Physical Development through Movement Play*. London: Sage.
- Brussoni, M. og Olsen, L. (2011). Striking a Balance Between Risk and Protection: Fathers Attitudes and Practices Towards Child Injury Prevention. *Journal of Developmental & Behavioral Pediatrics*, 32(7), 491-498. doi: 10.1097/DBP.0b013e31821bd1f5
- Brussoni, M. Olsen L. L., Pike I., Sleet D.A (2012). Risky Play and Children's Safety: Balancing Priorities for Optimal Child Development. *Mdpi* 9(9) 3134-3148. <https://doi.org/10.3390/ijerph9093134>
- Brussoni, M., Ishikawa, T., Han, C., Pike, I., Bundy, A., Faulkner, G. og Masse, L.C. (2018). Go Play Outside! Effects of a risk-reframing tool on mothers' tolerance for, and parenting practices associated with, children's risky play: study protocol for a randomized controlled trial. *Trialsjournal*, 19, 173. <https://doi.org/10.1186/s13063-018-2552-4>
- Cooke, M., Press, F., Wong, S. (2020). Educators' risk-taking in high quality early childhood education: provoking educators to think more broadly. *International Journal of Early Years Education*.28(3), 424-438. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2020.1755499>
- Ernst, J.(2013). Early childhood educators' use of natural outdoor settings as learning environments: an exploratory study of beliefs, practices, and barriers. *Environmental Education Reserach*, 20(6)735-752. <https://doi.org/10.1080/13504622.2013.833596>
- Fasting, M. L. (2019). *Playing outdoors*. Scandinavian univeristy press.
- Inspiringscotland. (e.d). Forsíða. Practitioners Guide: Benefits of Outdoor Risky Play - Inspiring Scotland
- Kleppe, R., Melhuish E., Sandseter, E.B.H. (2017). Identifying and characterizing risky play in the age one to three years. *European Early Childhood Education Research Journal*, 25(3), 370-385. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2017.1308163>

Kristín Norðdahl. (2016). Hlutverk útiðmhverfis í námi barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérrið – Um útinám.*

[https://netla.hi.is/serrit/2015/um\\_utinam/05\\_15\\_utinam.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2015/um_utinam/05_15_utinam.pdf)

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum.* [https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok\\_leikskola.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf)

Obee, P., Sandseter, E.B.H., Gerlach, A., Harper, N.J. (2021). Lessons Learned from Norway on Risky Play in Early Childhood Education and Care (ECEC). *Early Childhood Education Journal*, 49, 99–109. DOI:[10.1007/s10643-020-01044-6](https://doi.org/10.1007/s10643-020-01044-6)

Sandseter, E.B.H. (2007) Categorising risky play-how can we identify risk-taking in children's play? *European Early Childhood Education Research Journal*, 15(2), 237-252.

<https://doi.org/10.1080/13502930701321733>

Sandseter, E.B.H. (2009). Children's Expressions of Exhilaration and Fear in Risky Play. *Sage Journals*, 10(2), 92-106. <https://doi.org/10.2304/ciec.2009.10.2.92>

Simon Bazley. (2018). *A playworker's guide to risk.* <http://>

<https://www.playwales.org.uk/login/uploaded/documents/INFORMATION%20SHEETS/A%20playworkers%20guide%20to%20risk.pdf>

Stephenson A. (2003). Physical Risk-taking: Dangerous or endangered? *Early Years. An international Journal*, 23(1), 35-43. <https://doi.org/10.1080/0957514032000045573>

Walters, M. (2020). (Re)considering (risky) play in a Canadian early childhood context. *University of British Columbia.* DOI:10.14288/1.0389894

Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum.* Sage.